

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. maí 2024  
Málsnúmer: 202405-0047  
LA

## Efni: Viðbótarumsögn vegna breyttra áforma matsáætlunar vegna vikunáms við Búrfell

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst þann 27. maí 2024, þar sem óskað er eftir viðbótar umsögn frá Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breyttra áforma Hólasmára ehf. við vikurnám í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Breytingar á matsáætlun fela í sér að leggja slóða yfir farveg Þjórsá og að efnisflutningar fari um Landveg. Áætlað er að ryðja slóða með jarðýtu yfir árfarveginn þar sem hann er um 250 m breiður. Notast á við efni úr farveginum og setja ræsisrör sem yrðu farlægð á haustin þegar efnistöku í vikurnámu líkur. Sett verður hlið við enda slóðans. Fram kemur í greinargerð að farvegurinn er þurr stóran hluta ársins fyrir utan tímabil sem Landsvirkjun hleypir vatni fram hjá Búrfellsvirkjun. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hversu oft vatni er hleypt í Þjórsá.

Náttúrufræðistofnun ítrekar ábendingar frá fyrri umsögn, dags. 4. apríl 2024, að kanna þarf lífríki Þjórsár við framkvæmdarsvæðið og þá einnig áhrif fyrirhugaðs slóða yfir farveg Þjórsár. Gera þarf grein fyrir efnistöku úr farveginum, en í botni Þjórsár við Búrfell er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Ekki er ljóst hvort mikið sé um laust efni í farveginum til slóðagerðar.

Neðan við fyrirhugaðan slóða eru fossar, Tröllkonuhlaup og Þjófafoss, sem einnig njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Gera þarf grein fyrir áhrifum slóðans á fossana og nánasta umhverfi þeirra.

Gera þarf grein fyrir efnisflutningum um Landveg og hvort vegurinn þoli áformaða þungaflutninga. Þá er Landvegur vinsæla leið ferðamanna yfir sumartíman t.d. í Landmannalaugar og Veidivötn, og gera þarf grein fyrir auknu umferðarálagi og slyshættu á þessari leið.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

